

Öðruvísi Jóladagatal

 -Sælla er að gefa en þiggja

Öðruvísi Jóladagatal

 -Sælla er að gefa en þiggja



ÖÐRUVÍSI JÓLADAGATAL

SOS BARNAPORPANNA

2022

EKKERT BARN Á AÐ ALAST UPP EITT

Öll börn eiga rétt á umönnun og vernd. Ekkert barn á að þurfa að alast upp eitt. En þrátt fyrir það hefur 1 af hverjum 10 börnum í heiminum misst foreldraumsjón eða á á hættu að missa hana. Það eru 220 milljónir barna. Börn án foreldraumsjónar eiga ekki mikla möguleika á öruggu uppeldi, menntun, heilbrigðisþjónustu eða að komast út úr vítahring fátæktar.

Þegar barn missir umönnun foreldra hefur það alvarlegar afleiðingar fyrir barnið sjálft og samfélagið.

Í Öðruvísi jóladagatali munu nemendur víðs vegar um landið taka höndum saman til að veita viðkvæmstu börnunum umönnun, vernd og öruggt heimili. Í ár bjóðum við grunnskólabörnum á Íslandi að taka þátt í jóladagatalinu sjöunda árið í röð.



UM SOS BARNAPORPIN

SOS Barnaporpin eru alþjóðleg hjálparsamtök sem vinna að því markmiði að börn fái að alast upp við góða umönnun hjá stöðugri fjölskyldu. Við störfum víðs vegar um heiminn, í 136 löndum. Svona vinnum við:



Fyrirbyggjandi:

1

Fjölskyldueflingarverkefnið okkar styður við barnafjölskyldur í erfiðum aðstæðum svo þær geti annast börnin sín.



Nýtt heimili:

2

Við tryggjum að börn sem eru ein fái öruggt heimili í SOS fjölskyldu eða annarri fósturfjölskyldu. Þetta á við um börn sem eru munaðarlaus, yfirgefin eða eiga fjölskyldu sem þrátt fyrir stuðning geta ekki veitt fullnægjandi umönnun.



Við styrkjum samfélagið:

3

SOS Barnaporpin vinna víða um heim að því að koma á góðum skilyrðum og góðri löggjöf fyrir börn. Við stuðlum að því að börn fái að alast upp með systkinum sínum og vinnum gegn fordómum og mismunun barna sem hafa misst fjölskyldur sínar. Í baráttunni fyrir réttindum barna eru SOS Barnaporpin skýr rödd.

Gagnlegar upplýsingar um dagatalið

BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA



Á hverjum skóladegi dagana 1.-16. desember opna nemendur nýjan glugga í jóladagatalinu. Gluggana er hægt að opna beint af heimasíðu SOS Barnaþorpanna.

Í ár verður Öðruvísi jóladagatalið okkar með öðruvísi sniði en venjulega því í ár ætlum við ekki bara að ferðast um heiminn og kynna krökkum frá hinum ýmsu löndum, heldur ætlum við líka að læra um **Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna**.

Á hverjum degi fjöllum við um nokkrar greinar Barnasáttmálans og sjáum myndbönd tengd þeim greinum í kjölfarið. Við munum heimsækja Víetnam, Fílabeins-

ströndina, Perú, Nepal, Marokkó, Tansaníu, Eþíópíu, Makedóníu og Armeníu.

SOS Barnaþorpin fengu styrk frá Utanríkisráðuneytinu til að útbúa jóladagatalið í ár og fengum við til liðs við okkur leikkonuna Völu Kristínu Eiríksdóttur sem mun fara yfir réttindi barna með þátttakendum á skemmtilegan hátt. Dagatalið var unnið í samstarfi við Þorleif Einarsson.

Í þessu hefti má finna kynningar á gluggum dagatalsins, greinar Barnasáttmálans, spurningar til að vekja umræður um viðfangsefni hvers dags og fleiri gagnlegar upplýsingar.

Greinar sáttmálans


Barnasáttmálinn samanstendur af 54 reglum, sem hver um sig kallast grein. Mest er fjallað um greinar 1-42 þar sem greinar 43-54 fjalla um hvernig stjórnvöld, samtök og aðrir eigi að vinna að því að tryggja réttindi barna.

Í Öðruvísi jóladagatali ætlum við að fjalla um fyrstu 42 greinar sáttmálans, sem við munum kalla „reglur“. Í hvert skipti sem við tölum um „reglur“ erum við að tala um „greinar“ sáttmálans.

Finna má heildartexta Barnasáttmálans á barnasattmali.is.



Heimasíðan og efnið í ár



Allt efni sem nota þarf fyrir Öðruvísi jóladagatal er að finna á heimasíðu SOS Barnaþorpanna: <https://www.sos.is/joladagatal/>.

Þar má finna allar helstu upplýsingar um dagatalið, bréf til foreldra (á íslensku, ensku og pólsku), umslög til að safna peningum í, kort af heiminum og gluggana sjálfa. Eingöngu er hægt að opna einn glugga í einu og mun fyrsti glugginn verða aðgengilegur fimmtudaginn 1. desember

SÆLLA ER AÐ GEFA EN ÞIGGJA

Í stað þess að nemendur fái litla gjöf eða súkkulaðimola í dagatalinu geta þeir aðstoðað heima fyrir með létt verkefni fyrir jólin og fengið smá pening að launum frá foreldrum sínum. Þeir gætu til dæmis vaskað upp, bakað, mokað snjóinn eða þurrkað af. Kannski eru einhverjir nágrannar sem gætu þurft hjálp við að vinna einföld verkefni. Einnig má safna dósnum eða halda tombólu.

Á þennan hátt upplifa nemendurnir að þeir hafi sjálfir lagt eitthvað af mörkum, með eigin vinnuframlagi. Hver fjölskylda getur ákveðið hversu mikinn pening hún vill gefa og að sjálfsögðu er það undir hverri fjölskyldu komið hvort hún vilji styrkja verkefnið með peningaupphæð yfir höfuð. Margt smátt gerir eitt stórt 😊

Á þeim sex árum sem jóladagatalið hefur verið í boði hafa grunnskólabörn á Íslandi safnað tæplega fjórum milljónum króna fyrir börn sem búa við bágar aðstæður.

SÖFNUNIN

Á heimasíðu SOS Barnaþorpanna, www.sos.is, má finna umslag sem hægt er að prenta út. Umslögín eru svo afhent nemendum sem taka þau með sér heim. Þegar nemandinn hefur fengið smá pening fyrir verkefni sem hann vann heima fyrir þá setur hann peninginn í umslagið, límir fyrir og skilar aftur í skólann. Þannig getur

Með þessum framlögum hafa börnin áhrif á tækifæri jafnaldra sinna til að blómstra.

Öll framlög sem safnast í ár fara í fjölskylduefningu SOS Barnaþorpanna í Malaví. Fjölskylduefning er verkefni sem hjálpar sárafátækum barna-fjölskyldum að standa á eigin fótum. Tilgangurinn með fjölskylduefningunni er að gera foreldrum kleift að mæta grunnþörfum barna sinna til að koma í veg fyrir aðskilnað barna og foreldra.

Hægt er að horfa á 40 mínútna þátt um fjölskylduefningu SOS í Malaví en Rúrik Gíslason, sendiherra SOS Barnaþorpanna á Íslandi og Jóhannes Ásbjörnsson, mágur hans, heimsóttu verkefnið fyrr á árinu. Í kjölfarið var útbúinn þáttur þar sem sýnt er frá verkefninu í Malaví, sendiráð Íslands í Malaví er heimsótt og fjallað um þróunarsamvinnu.

Þáttinn má finna **HÉR**

enginn séð hversu miklum pening hver og einn safnaði. Peningurinn er svo lagður inn á reikning verkefnisins 130-26-050028, kt. 500289-2529. Mikilvægt er að setja nafn skólans og bekkjarins í skýringu og senda kvittun á [hjördis@sos.is](mailto:hjordis@sos.is). Forsjáraðilar geta einnig lagt framlag beint inn í gegnum söfnunarsíðu dagatalsins **HÉR**.

ÍTAREFNI

Í þessum bækling er að finna kynningar á myndböndum hvers dags, ásamt upplýsingum um greinar dagsins, umræðupunkta til að dýpka skilning á efninu auk verkefna sem þátttakendum er frjálst að taka þátt í.

Umræðupunktar:

Hverjum glugga fylgja nokkrar spurningar sem ætlaðar eru til að opna fyrir umræður um viðfangsefni dagsins meðal nemenda.



Verkefni dagsins:

Nemendur geta unnið verkefni á hverjum degi í tengslum við glugga dagsins. Verkefnin eru valkvæð og ekki þarf að skila neinu inn til SOS Barnaþorpanna.



Greinar dagsins:

Í bæklingnum er að finna hvaða greinar verður fjallað um á hverjum degi. Barnasáttmálann má lesa í heild sinni á www.barnasattmali.is.



1. desember

RAUÐI ÞRÁÐURINN



Í dag fáum við að kynnst Veru. Vera ætlar að fara með okkur yfir allar greinar Barnasáttmálans í jóladagatalinu í ár. Fyrsti gluggi dagsins er tileinkaður rauða þræðinum í Barnasáttmálanum eins og greinar dagsins eru stundum kallaðar. Við fáum líka að sjá brot úr þeim myndböndum sem verða í dagatalinu í ár.

Spurning dagsins

- Hvers vegna er mikilvægt að til séu sérstök réttindi, bara fyrir börn?
- Hver ætli að sé munurinn á réttindum og forréttindum?

Staðreyndir dagsins

- Barnasáttmálinn tók gildi 20. nóvember 1989 og fjallar hann um réttindi allra barna.
- Barnasáttmálinn samanstendur af 42 reglum, sem kallast greinar. Þær fjalla um hvernig fullorðnir út um allan heim eiga að koma fram við og sjá um börn.
- SOS Barnaþorpin fylgja Barnasáttmálanum í vinnu sinni með munaðarlausum og umkomulausum börnum. SOS Barnaþorpin vinna til dæmis að því að réttindi barna séu virt þegar börn þurfa á nýju, ástríku heimili að halda vegna þess að þau hafa engan fullorðinn til að gæta sín eða gefa þeim að borða.
- Þetta þýðir m.a. að SOS Barnaþorpin eru með meira en 500 barnaþorp út um allan heim þar sem umkomulaus börn hafa fengið nýtt, ástríkt heimili í SOS fjölskyldu.

Greinar dagsins: 2, 3, 6, 12

Grein 2 – Öll börn eru jöfn og eiga að njóta allra réttinda Barnasáttmálans án tillits til hver þau eru, hvar þau búa, hvaða tungumál þau tala, á hvað þau trúna, hvernig þau hugsa og líta út, af hvaða kyni þau eru, hvort þau eru með fötlun, rík eða fátæk og án tillits til þess hvað fjölskylda þeirra gerir eða trúir á. Aldrei skal koma fram við barn af óréttlæti.

Grein 3 – Þegar fullorðnir taka ákvarðanir eiga þeir að hugsa um hvaða áhrif þær hafa á börn og eiga að gera það sem er best fyrir þau. Stjórnvöld eiga að tryggja að foreldrar verndi börn sín og

gæti þeirra eða aðrir í þeirra stað þegar þörf er á. Stjórnvöld eiga einnig að tryggja að fólk sem er ábyrgt fyrir börnum hafi hagsmuni þeirra alltaf að leiðarljósi.


Grein 6 – Öll börn eiga rétt á því að lifa og þroskast og skulu stjórnvöld tryggja það.

Grein 12 – Börn eiga rétt á því að tjá sig frjálsglega um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra. Fullorðnir eiga að hlusta og taka mark á þeim.

Lesið nánar um barnasáttmálann [hér](#).

2. desember

AUÐKENNI, ÞJÓÐERNI, RÉTTURINN TIL AÐ VERA



Í dag ætlum við að fjalla um rétt barna á eigin auðkennum, að fá að tilheyra, vera skráð, bera nafn og fleira. Við fáum að sjá myndband um það hvernig SOS Barnaþorpin urðu til og fyrir hvað samtökin standa.

Spurning dagsins

- Hvað gerir okkur að okkur?
- Hvernig öðlumst við sjálfstraust til þess að þora að vera við sjálf?
- Hvernig viljum við vera í framtíðinni?

Staðreyndir dagsins

- Þó svo að Barnasáttmálinn kveði á um að öll börn eigi rétt á auðkenni þá eru samt mörg börn sem eru ekki skráð. Ef maður á ekki foreldri sem skráir mann, þekkir maður jafnvel ekki fullt nafn eða sinn eigin fæðingardag.
- Þetta á t.d. við um mörg börn sem búa ein á götunni. Án auðkenna eiga þau á hættu að gleymast í kerfinu – þannig að enginn fullorðinn tekur ábyrgð á því að gefa þeim að borða, fylgja þeim í skólann eða á sjúkrahúsið.

Greinar dagsins: 1, 7, 8

Grein 1 – Segir að barn sé einstaklingur undir 18 ára aldri. Lesið nánar um barnasáttmálann [hér](#).

Grein 7 – Fjallar um að skrá eigi börn við fæðingu og þau eigi rétt á nafni og ríkisfangi. Þau eiga líka rétt á að tilheyra landi og alltaf þegar hægt er skulu börn þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra.

Grein 8 – Fjallar um að börn eigi rétt á sínum einkennum sem skrá skuli opinberlega, eins og t.d. nafn, þjóðerni, fjölskyldutengsl. Ekki má taka auðkenni barnanna frá þeim.

Verkefni dagsins

- Nemendur teikni mynd af sjálfum sér og skrifi niður hvaða atriði þau telja að einkenni sig.
- Nemendur geta svo sýnt hvert öðru myndirnar og spjallað saman um það að þó við séum öll ólík þá eigum við samt öll sömu réttindi.
- Það er hlutverk okkar allra að passa upp á að réttindi barna séu ekki brotin. Þösum hvert upp á annað.

5. desember

ÖRUGGT HEIMILI



Reglur dagsins fjalla um réttindi barna til að vera með og alast upp með sinni eigin fjölskyldu en við munum líka fjalla um réttindi barna þegar líffræðileg fjölskylda þeirra getur ekki annast þau. Við kíkjum í heimsókn til Víetnam og hittum Nu sem býr hjá pabba sínum og afa en þau hafa fengið aðstoð til að geta búið saman.

Spurning dagsins

- Hvers vegna haldið þið að það sé mikilvægt fyrir börn að alast upp á öruggu heimili?

Staðreyndir dagsins

- Það er erfitt að vita nákvæma tölu en það má reikna með að á milli 140-220 milljónir barna alist upp án umönnunar foreldra sinna. Ástæður fyrir því geta verið margar.
- SOS Barnaþorpin hjálpa umkomulausum börnum og aðstoða þau við að finna öruggt og kærleiksríkt heimili. Börn sem eru vistuð utan heimilis og fá rétta umönnun eru miklu líklegri til að verða sjálf góðir foreldrar sem geta framfleytt eigin börnum.
- Í hverju barnaþorpi SOS búa 10-15 fjölskyldur, hver í sínu eigin húsnæði. SOS-fjölskylda samanstendur af SOS foreldri með allt að 10 börn, sem af einhverjum ástæðum geta ekki búið hjá eigin foreldrum.
- Eins og segir í Barnasáttmálanum, þá eiga fullorðnir stöðugt að fylgjast með því hvort barnaþorp sé rétti staðurinn fyrir barnið til að búa á. Ef barnið býr t.d. í barnaþorpi vegna veikinda í fjölskyldunni þá getur verið að barnið geti flutt aftur heim þegar fjölskyldan hefur náð bata.

Greinar dagsins: 9, 18, 20, 21, 25

Grein 9 – Fjallar um að ekki megi skilja börn frá foreldrum sínum nema það sé nauðsynlegt fyrir öryggi og líðan barna. Börn eiga rétt á því að vera í góðum tengslum við báða foreldra sína nema það sé skaðlegt fyrir þau.

Grein 18 – Fjallar um að foreldrar beri aðalábyrgð á uppeldi barna sinna. Þegar barn á ekki foreldri tekur annað fullorðið fólk við ábyrgðinni á uppeldi barnsins. Þeir sem annast uppeldi eiga að taka tillit til þess sem er barninu fyrir bestu.

Grein 20 – Fjallar um að ef barn nýtur ekki umönnunar fjölskyldu sinnar þá á það rétt á því að

hugsað sé um það af fólki sem ber virðingu fyrir hverju sem varðar líf barnsins.

Grein 21 – Fjallar um að þegar börn eru ættleidd skuli ávallt hafa í huga það sem sé barninu fyrir bestu.

Grein 25 – Fjallar um að eftirlit eigi að vera með vistun barna utan heimilis og stöðugt sé að því gætt að þetta sé besti staðurinn fyrir barnið.

Lesið nánar um barnasáttmálann [hér](#).

Verkefni dagsins

- Spjallið saman um hvað ykkur finnst að eigi að vera í barnaþorpi svo börnin séu örugg. Er t.d. mikilvægt að þar sé fullorðinn einstaklingur? Rúm? Önnur börn? Gæludýr? Pláss til að leika? Eitthvað annað?
- Í myndbandi dagsins fengu Nu og fjölskylda hennar aðstoð til að rækta uppskeru sína svo þau geti séð fyrir sér sjálf. Hvernig ræktun þekkið þið? Hafið þið prófað að rækta eitthvað?
- Það væri hægt að prófa að rækta karsa, basilíku eða klettsalat í sáningarmold eða á bómull, vökva vel og fylgjast með ræktuninni.

6. desember

BARNAVINNA



Í dag ætlum við að heyra um rétt barna til verndar gegn skaðlegri vinnu. Við heimsækjum Fílabeinsströndina og hittum Aminata, sem vann í mörg ár við það að bera þunga hluti frá markaðnum.

Spurning dagsins

- Hvers vegna eru til sérstakar reglur um barnavinnu?
- Hver er munurinn á barnavinnu og því að hjálpa til á heimilinu.
- Hvernig hjálpið þið til heima hjá ykkur.
- Er eitthvað sem börn geta ekki aðstoðað með heima fyrir því það er of hættulegt eða erfitt?
- Ræðið einnig hvað börn fá út úr því að aðstoða heima fyrir.

Staðreyndir dagsins

- Fátækt er ein helsta ástæða barnavinnu.
- Þó barnavinna sé bönnuð á Fílabeinsströndinni eru enn mörg börn sem vinna hættuleg störf sem ógna heilsu þeirra og menntun. Þegar fjölskyldur eru mjög fátækar neyðast bæði fullorðnir og börn til þess að þéna pening til að geta borgað húsaleigu og keypt mat.
- Ef börn vinna, eins og Amanita gerði, þá geta þau ekki farið í skóla og menntað sig og þá verður erfiðara að brjótast úr fátæktinni þegar þau verða fullorðin.
- Barnavinna getur líka skaðað börn. Sum börn vinna við hættulega efni sem geta skaðað heilsu þeirra. Sum börn eru líka beitt ofbeldi af þeim sem þau vinna fyrir. Það getur haft áhrif á börn alla ævi þar sem þau geta átt erfitt með að læra eitthvað seinna og eiga erfiðara með að treysta fólki.

Grein dagsins: 32

Grein 32 – Regla dagsins fjallar um að börn eigi rétt á vernd gegn því að vinna hættuleg störf eða störf sem eru slæm fyrir skólagöngu þeirra, heilsu eða þroska. Ef börn stunda vinnu eiga þau rétt á því að gera það í öryggi og að fá sanngjörn laun fyrir.

Lesið nánar um barnasáttmálann [hér](#).

Verkefni dagsins

- Finnið út hvað þið getið aðstoðað með heima við í dag. Þið gætuð t.d. tekið leirtauði úr uppþvottavélinni eða vaskað upp, gengið frá dótinu í herberginu ykkar eða þurrkað af hillunum inni í stofu.
- Kannski vilja foreldrar ykkar borga ykkur smá pening fyrir vinnuna ykkar og þið gætuð nýtt þann pening í bekkjarsöfnunina. Þannig getið þið lagt ykkar af mörkum til að börn eins og Aminata þurfi ekki að vinna hættulega og skaðlega vinnu.

7. desember

HREINT VATN OG NÆRING



Í dag ætlum við að heyra um rétt barna til að borða hollan mat og hafa aðgang að hreinu drykkjarvatni. Stundum geta utanaðkomandi aðstæður komið í veg fyrir að fólk geti unnið og þar af leiðandi keypt sér mat. Við ætlum að kíkja til Perú og hitta Lauru sem fékk á tímabili ekki nóg að borða af því foreldrar hennar höfðu ekki efni á mat.

Spurning dagsins

- Hver ætli sé munurinn á því að vera svangur og að svelta?

Staðreyndir dagsins

- Börn sem fá ekki nægan mat eiga frekar á hættu að veikjast og það hefur einnig áhrif á vöxt þeirra og þroska. Það er erfiðara að læra nýja hluti ef maður er svangur og menntunin situr þá á hakanum sem hefur þær afleiðingar að erfiðara er að fá vinnu í framtíðinni.
- Samkvæmt Alþjóða heilbrigðisstofnuninni, höfðu 74% jarðarbúa (5,8 milljarðar) aðgang að hreinu drykkjarvatni árið 2020.
- Á hverju ári deyja um 3,1 milljón barna undir 5 ára aldri vegna vannæringar
- 45% af öllum dauðsföllum barna undir 5 ára aldri má rekja til vannæringar þeirra. (WHO)

Greinar dagsins: 24, 27

Grein 24 – Fjallar um að börn eigi rétt á bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á, hreinu drykkjarvatni, hollum mat og hreinu og öruggu umhverfi. Allir eiga að fá upplýsingar um hvernig sé hægt að lifa öruggu og heilbrigðu lífi.

Lesið nánar um barnasáttmálann [hér](#).

Grein 27 – Fjallar um að börn eigi rétt á því að fá næringu, fatnað og öruggt heimili svo þau geti þroskast á sem bestan hátt. Stjórnvöld eiga að aðstoða fjölskyldur sem hafa ekki kost á því að veita börnum framangreint.

8. desember

VERND BARNA



Þátturinn í dag fjallar um rétt barna til verndar og umönnunar. Barnasáttmálinn segir nefnilega mjög skýrt að það sé ekki í lagi að meiða börn á nokkurn hátt. Í dag ætlum við að fara til Nepal og hitta Babu, sem bjó aleinn á götunni í dágóðan tíma, því enginn annar fullorðinn gat passað hann eftir að foreldrar hans létust.

Spurning dagsins

- Hvað þarf til þess að við upplifum okkur örugg?
- Hvert getum við leitað ef okkur líður illa?
- Hvaða réttindum (af þeim sem þið hafið þegar lært um) var Babu sviptur þegar hann bjó aleinn í hellinum?

Staðreyndir dagsins

- Ef börn upplifa eitthvað sem þeim finnst vera rangt eða einhver fullorðinn kemur illa fram við börn hér á Íslandi þá má alltaf hringja í **Neyðarlínuna, 1-1-2**, og segja frá því. Það er líka hægt að segja einhverjum fullorðnum sem maður treystir, t.d. kennaranum sínum.
- Það má ekki beita börn ofbeldi á Íslandi, hvort sem það er af hendi forsjáraðila eða annarra sem koma að umönnun barnanna. Því miður verða þó börn fyrir slíku ofbeldi bæði hér á landi og erlendis.
- Í Nepal búa margir við mikla fátækt.

Verkefni dagsins

- Það er mikilvægt að börn viti hvert þau geta leitað ef þau upplifa eitthvað slæmt eða ef einhver kemur illa fram við þau.
- **Hjálparhöndin!** Börnin teikna útlínur annarrar handar sinnar á blað. Á hvern fingur skrifa þau nafn á einstaklingi eða stað sem þau geta leitað til ef eitthvað kemur upp á.
- Ef börnin ná ekki að skrifa 5 nöfn/staði þá má endilega hjálpa þeim að fylla upp í alla reiti. Það má t.d. hafa samband við 1-1-2, hjúkrunarfræðinginn í skólanum, foreldra, kennara, ömmu og afa, hjálparsíma Rauða krossins.

Greinar dagsins: 11, 16, 19, 33, 34, 35, 36

Grein 11 – Fjallar um að börn eigi rétt á vernd gegn brottnámi

Grein 16 – Fjallar um að öll börn eigi rétt á einkalífi

Grein 19 – Fjallar um að stjórnvöld eigi að vernda börn gegn ofbeldi, misbeitingu og vanrækslu af hendi allra þeirra sem annast þau

Grein 33 – Fjallar um að stjórnvöld sigi að vernda börn gegn því að nota, búa til, bera á sér eða selja skaðlegum vímuefni.

Grein 34 – Fjallar um að stjórnvöld skuli vernda börn gegn kynferðisofbeldi

Grein 35 – Fjallar um að stjórnvöld skuli vernda börn gegn brottnámi, vændi og mansali

Grein 36 – Fjallar um að börn eigi rétt á vernd gegn misbeitingu

Lesið nánar um barnasáttmálann [hér](#).

9. desember

LEIKUR OG HVÍLD



Í dag ætlum við að heyra um rétt barna til að leika sér og hvíla sig. Við ætlum að kíkja til Marokkó og hitta Hasnaa. Hasnaa fékk snemma áhuga á íþróttum, þá sérstaklega hlaupi og fótbolta. Hasnaa, sem ólst upp í barnaþorpi, er atvinnukona í fótbolta í dag.

Spurning dagsins

- Hvers vegna er mikilvægt að eiga rétt á því að leika sér og hvílast?
- Hvað er hvíld?
- Ræðið saman um leiðir sem þið notið til að hvíla ykkur.

Staðreyndir dagsins

- Börn hafa mjög gott af því að leika. Börn þróa ímyndunarafli sitt, tungumál og hugsunarhátt í gegnum leik og þannig verða þau betri í að tjá hugsanir sínar og tilfinningar.
- Þegar börn leika saman, verða þau betri í að skilja önnur börn og samþykkja að það er allt í lagi að hafa mismunandi skoðanir.
- Marokkó liggur norðarlega í Afríku og þar búa rúmlega 36 milljónir.
- SOS Barnaþorpin hafa starfað í Marokkó frá því í kringum 1980. Í dag eru þar 5 barnaþorp.

Grein dagsins: 31

Grein 31 – Fjallar um að öll börn eigi rétt á hvíld, leik og að taka þátt í menningarlífi.

Lesið nánar um barnasáttmálann [hér](#).

Verkefni dagsins

- **Hreyfing fyrir börn heimsins!** Í dag höfum við lært um rétt barna til að leika og vera virk. Þið getið bæði verið virk og hjálpað börnum eins og Hasnaa til að uppfylla drauma sína.
- Takið frá eina skólastund í verkefnið. Safnið áheitum frá fyrirtækjum eða ættingjum sem borga t.d. 5, 10 eða 15 kr. fyrir hverja mínútu sem þið hreyfið ykkur. Hægt er að sippa, hlaupa, spila fótbolta, skjóta á körfu, labba, dansa eða hvað sem ykkur dettur í hug. Peningarnir myndu svo safnast saman og verða nýttir fyrir börn eins og Hasnaa til að uppfylla drauma sína.
- Nemendur geta nýtt tækifærið og sagt ættingjum/fyrirtækjum frá Barnasáttmálanum um leið og þau safna áheitum fyrir verkefnið. Þannig fá fleiri að heyra um réttindi barna.

12. desember

MENNTUN



Í dag ætlum við að heyra um rétt barna til að fá góða menntun og tækifæri til að læra eitthvað upp á eigin spýtur. Við hittum Ally sem býr í Tansaníu. Hún ætlar að sýna okkur umhverfi sitt og hvernig hún gerir sig klára fyrir skólann.

Spurning dagsins

- Hvar finnið þið upplýsingar til að auka þekkingu ykkar?
- Hvernig þekkjum við í sundur upplýsingar sem eru traustar og sannar frá einhverju sem er það ekki?

Staðreyndir dagsins

- Þrátt fyrir að fleiri fari í skóla nú en nokkurn tímann áður þá eru enn um 59 milljón börn sem fá ekki að læra að lesa og reikna.
- Sum börn fara ekki í skóla því foreldrar þeirra hafa ekki efni á því að senda þau í skólann. Börnin þurfa að hjálpa til heima, passa yngri systkini sín eða vinna sjálf. Ef börnin ganga í skóla fer kennslan oft fram í troðfullum kennslustofum sem gerir kennurum erfitt fyrir að kenna og nemendum að læra.
- Það er mikilvægt fyrir börn að ganga í skóla þar sem það þýðir að þau geta gert fleira þegar þau verða stór, fengið betri vinnu svo þau geti keypt mat og vita hvernig á að viðhalda heilbrigðum lífsstíl.

Verkefni dagsins

- Í myndbandi dagsins hittuð þið Ally sem gengur í skóla í Tansaníu. Þið getið hjálpað til við að breyta heiminum svo enn fleiri börn geti farið í skóla.
- Búið til fallett jólaskraut út gömlum, slitnum bókum sem þið ætluðuð að henda eða öðrum pappír sem lendir annars í ruslinu. Þegar þið notið þetta efni til að útbúa jólaskraut, eruð þið líka að endurvinna. Ef skólinn er með jólamarkað væri tilvalið að selja jólaskrautið á 100 krónur og safna peningunum saman í bekkjarsöfnunina. Það er t.d. hægt að útbúa flotta jólaengla úr afgangspappír með þessari uppskrift [hér](#).

Grein dagsins: 17, 28, 29

Grein 17 – Fjallar um að börn eigi rétt á því að sækja upplýsingar af Internetinu, úr sjónvarpi, útvarpi, tímaritum, bókum og öðrum miðlum. Fullorðnir eiga að gæta þess að upplýsingarnar séu börnunum ekki skaðlegar.

hæfileika og færni. Hún á að kenna þeim að þekkja réttindi sín og að virða réttindi annarra, menningu þeirra og fjölbreytileika. Menntunin á að hjálpa þeim að lifa friðsamlega og að vernda náttúruna.

Grein 28 – Fjallar um að öll börn eigi rétt á menntun og að grunnmenntun eigi að vera þeim að kostnaðarlausu.

Lesið nánar um barnasáttmálann [hér](#).

Grein 29 – Fjallar um að menntun eigi að hjálpa börnum að læra að rækta sjálfsmynd sína,

13. desember

RÉTTUR BARNNA TIL AÐ SEGJA SÍNA SKOÐUN



Í dag ætlum við að heyra um rétt barna til að segja sína skoðun og að á þau sé hlustað. Við munum heimsækja Kedija, sem býr í barnaþorpi í Eþíópíu. Þar halda þau sitt eigið barnaþing þar sem börn, eins og Kedija, geta sagt sína skoðun.

Spurning dagsins

- Hversu góð erum við í því að hlusta hvert á annað?
- Hvernig viljum við að aðrir hlusti á okkur?
- Fá nemendur að hafa áhrif á nám sitt í ykkar skóla?
- Hvaða merkingu hefur það fyrir ykkur að hafa áhrif?

Staðreyndir dagsins

- Þegar börn hafa raunveruleg áhrif og njóta virðingar, öðlast þau sjálfstraust og þekkingu sem gerir það að verkum að það verður eðlilegt fyrir þau að mynda sér skoðanir og langanir um eigið líf.
- Eþíópía er land sem glímir við mikla fátækt. Þar hafa stríð, átök og þurrkar gert það að verkum að fólk þarf að flýja frá landinu.
- Að sögn Sameinuðu þjóðanna hafa átökin sem hófust í nóvember 2020 neytt hundruð þúsund manns á flótta sem eiga nú í mikilli hættu að deyja úr hungri.
- Tæplega helmingur allra barna í Eþíópíu á aldrinum 5-14 ára eru í barnavinnu.
- Þó barnabréðkaupum hafi farið fækkandi síðustu 10 ár í Eþíópíu eru enn 4 af hverjum 10 stelpum giftar áður en þær ná 18 ára aldri.

Grein dagsins: 12, 13, 14, 15

Grein 12 – Partur af rauða þræðinum. Fjallar um að börn eigi rétt á því að tjá sig frjálst um öll málefni sem hafa áhrif á líf þeirra og að fullorðnir eigi að hlusta og taka mark á þeim.

Grein 13 – Fjallar um að börn eigi rétt á að deila skoðunum sínum, vitneskju og líðan með öðrum með því að tala, teikna eða tjá sig á annan hátt, svo lengi sem það hefur ekki skaðleg áhrif á annað fólk.

Grein 14 – Fjallar um að börn eigi rétt á frjálstri

Verkefni dagsins

- Skriðu niður, teikniðu eða takiðu mynd af þeim stöðum, svæðum, viðfangsefnum eða verkefnum sem þið telji að þurfi að laga betur að nemendum.
- Útbúið veggspjald með myndum sem sýna tillögur ykkar um hvernig bæta megi skólann.
- Nemendur bekkjarins gætu skipst á hugmyndum og komið sér saman um 10 mikilvægustu atriðin sem þyrfti að bregðast við og komið tillögum til nemendaráðs skólans eða annarra stjórnenda skólans.

hugsun og að velja sér trúarbrögð svo lengi sem það hindrar ekki aðra í að njóta réttinda sinna.

Grein 15 – Fjallar um að börn eigi rétt á að stofna sín eigin félög og hópa og þau mega hitta vini og félag, svo lengi sem það brjóti ekki gegn réttindum annarra.

Lesið nánar um barnasáttmálann [hér](#).

14. desember

VERND GEGN MISMUNUN



Reglur dagsins fjalla um að börn eigi rétt á að þeim sé ekki mismunað, það á að koma vel fram við öll börn. Það skiptir ekki máli hver þú ert, hvar þú býrð, hvaða tungumál þú talar, hvaða trú þú hefur, hvort þú ert með fötlun eða hefur framið glæp og ert í fangelsi. Öll börn eiga sömu réttindi. Við ætlum að kíkja til Norður Makedóníu og hitta Olivíu en hún og fjölskylda hennar eru Rómafólk.

Í myndbandi dagsins er notast við myndir frá [Wikimedia Commons](#).

Spurning dagsins

- Hvers vegna er mikilvægt að koma vel fram við alla og að bera virðingu hvert fyrir öðru?

Staðreyndir dagsins

- Rómafólk á ekki sitt eigið land, heldur búa þau víðs vegar um heiminn í smærri hópum. Í Evrópu búa u.þ.b. 6 milljónir Rómafólks.
- Rannsóknir í Evrópu hafa sýnt fram á að enn þann dag í dag er illa komið fram við Rómafólk og þeim mismunað.
- Rannsóknir sýna einnig að einungis 2 af hverjum 10 börnum Rómafólks fá menntun, eingöngu helmingur fullorðna fólksins er með vinnu og margt Rómafólk býr því við mikla fátækt.
- Talið er að það séu í kringum 250.000 Rómafólk í Norður Makedóníu. Margt Rómafólk er ekki skráð og þess vegna er erfitt að vita nákvæmlega hversu margir búa þar.
- SOS Barnaþorpin hjálpa fjölskyldum eins og fjölskyldu Olivíu og aðstoða þau við að fá mat og tryggja að Olivía og systkini hennar geta farið í skóla.

Grein dagsins: 2, 23, 26, 30, 37, 40

Grein 2 – Partur af rauða þræðinum. Fjallar um að reglur Barnasáttmálans gildi fyrir öll börn.

Grein 23 – Fjallar um að börn með fötlun eigi rétt á því að lifa við aðstæður sem gerir þeim kleift að lifa eins góðu lífi í samfélaginu og völ er á. Stjórnvöld eiga að fjarlægja hindranir svo öll börn geti orðið sjálfstæð og tekið þátt í samfélaginu með virkum hætti.

Grein 26 – Fjallar um að börn sem búi við fátækt eigi rétt á aðstoð og skuli stjórnvöld tryggja þann rétt.

Grein 30 – Fjallar um að börn eigi rétt á að iðka eigin trú, tala sitt tungumál og viðhalda menningu sinni.

Grein 37 – Fjallar um að börn sem eru sökuð um að brjóta lög megi ekki lífláta, pynta, koma grimmilega fram við eða fangelsa til lífstíðar eða með fullorðnum.

Grein 40 – Fjallar um að börn sem hafa brotið lög eiga rétt á lögfræðiaðstoð og réttlátri málsmeðferð.

Lesið nánar um barnasáttmálann [hér](#).

15. desember

BÖRN Á FLÓTTA FRÁ STRÍÐI OG ÁTÖKUM



Í dag ætlum við að fjalla um réttindi barna í stríði eða á flóttu frá stríði og átökum. Við heimsækjum tvö börn sem búa í Armeníu en þau eiga það sameiginlegt að hafa þurft að flýja frá átökum á svæði sem þau bjuggu á, sem heitir Nagorno-Karabakh.

Spurning dagsins

- Hvernig getum við tekið vel á móti einhverjum sem er nýr?
- Hvernig viljum við að aðrir taki á móti okkur þegar við erum á nýjum stað?

Staðreyndir dagsins

- Samkvæmt flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna þá eru u.þ.b. 27 milljónir barna á flóttu í heiminum í dag.
- Það eru mismunandi ástæður fyrir því að fólk flýr. Það getur verið út af stríðsástandi í landinu sem maður býr í, út af fátækt eða náttúruhamförum eins og t.d. þurrkum sem gera það af verkum að fólk neyðist til að flytja þangað sem mat, vatn og vinnu er að finna.
- Maður getur bæði flúið til annars lands eða annars svæðis innan landsins sem maður býr í. Þó maður flýi á nýjan stað innan sama lands þá getur það verið alveg jafn erfitt og að flýja til annars lands.
- Mörg börn á flóttu skortir mat og vatn og þau geta ekki fengið menntun. Mörg börn á flóttu eru sorgmædd og eiga mjög erfitt vegna þess að þau hafa upplifað átök, slagsmál og ofbeldi í návígi.
- Þegar átök og stríð ganga yfir, eins og t.d. í Nagorno-Karabakh, hjálpa SOS Barnabörpin börnum og fjölskyldum til að fá mat, föt og lyf. Þau útbúa örugga staði fyrir börn eins og Airpiar og Dalita, til að leika sér og geta hitt önnur börn sem eru í svipaðri stöðu og þau.

Grein dagsins: 10, 22, 38, 39

Grein 10 – Fjallar um að ef barn býr í öðru landi en foreldrar þess eiga stjórnvöld að leyfa barni og foreldrum þess að ferðast frjálst svo þau geti haldið sambandi og verið saman (t.d. ef þau hafa flúið frá stríðsástandi).

Grein 22 – Fjallar um að börn á flóttu eigi rétt á aðstoð og vernd og þau eiga sama rétt og börn sem fæðast í landinu sem þau eru að flýja til.

Grein 38 – Fjallar um að börn eigi rétt á vernd í stríði. Þar stendur einnig að börn yngri en 15 ára

eigi ekki að sinna herþjónustu eða taka þátt í stríði.

Grein 39 – Fjallar um að börn sem hafa meiðst, verið særð, vanrækt eða sætt illri meðferð, eigi rétt á hjálp til að ná aftur heilsu og reisn.

Lesið nánar um barnasáttmálann [hér](#).

Verkefni dagsins

- Í myndbandi dagsins tala Airpiar og Dalita um að þau eigi sér framtíðardrauma. Um allan heim eiga börn sér drauma – alveg eins og þú.
- Teiknið eða skrifið niður draumana ykkar
- Er eitthvað líkt ykkar draumi og draumi barnanna í myndbandinu?

16. desember

ALLIR SKULI ÞEKKJA RÉTTINDI BARNA



Í dag er síðasti glugginn í jóladagatalinu. Hann fjallar um hvað lönd eigi að gera til að allir þekki réttindi barna og fari eftir þeim. Í myndbandi dagsins rifjum við upp það sem við höfum lært um í dagatalinu í ár.

Að lokum langar okkur að þakka ykkur, kæru nemendur, kærlega fyrir þátttökuna í Öðruvísi jóladagatalinu í ár. Við vonum að þið hafið lært heilmikið um réttindi ykkar og annarra barna og að þið hjálpið til við að segja fullorðnu fólki frá Barnasáttmálanum og öllum mikilvægu reglum sem hann felur í sér.

Spurning dagsins

- Hvaða reglur munið þið helst?
- Hvað fannst ykkur merkilegast eða kannski skýrnast?
- Þekktuð þið eitthvað af reglum eða var eitthvað sem kom ykkur á óvart?

Staðreyndir dagsins

- Vissuð þið að í mörgum löndum er Barnasáttmálinn hluti af lögum landsins, eins og t.d. hér á Íslandi.
- Auk þess að hjálpa munaðarlausum börnum og fátækum fjölskyldum, vinna SOS Barnaþorpin líka að því að lönd um allan heim fylgi reglum Barnasáttmálans.
- Þegar SOS Barnaþorpin komast að því að reglur Barnasáttmálans séu brotnar í einhverju landi segja SOS Barnaþorpin við stjórnvöld að það sé ekki í lagi. Síðan er reynt að finna lausn í sameiningu þannig að börnin í landinu fái að lifa, rétt eins og Barnasáttmálinn segir að þau eigi rétt á.

Verkefni dagsins

- Skoðið veggspjaldið. Nú hafa allir reitirnir sinn lit. Ræðið saman um hvað þið hafið lært í Öðruvísi jóladagatali í ár. Munið þið hvað gerðist í hverjum þætti og hvaða réttindi var fjallað um?
- Ræðið líka hvaða verkefni þið hafið unnið í tengslum við Barnasáttmálann og jóladagatalið (ef þið gerðuð það).

Grein dagsins: 4, 5, 41, 42

Grein 4 – Fjallar um að stjórnvöld þurfi að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að sjá til þess að hvert og eitt barn njóti allra réttinda Barnasáttmálans.

Grein 5 – Fjallar um að fjölskyldur beri ábyrgð á að leiðbeina börnum sínum og fræða þau um réttindi sín. Stjórnvöld skulu virða ábyrgð, réttindi og skyldur fjölskyldna.

Grein 41 – Fjallar um að ef lög í landinu vernda rétt barna betur en Barnasáttmálinn þá eiga þau

að gilda frekar.

Grein 42 – Fjallar um að stjórnvöld skuli fræða börn og fullorðna um Barnasáttmálann reglulega svo allir þekki réttindi barna.

Lesið nánar um barnasáttmálann [hér](#).

Réttindi barna

1	2	3	4	5	6	7
8	9	10	11	12	13	14
15	16	17	18	19	20	21
22	23	24	25	26	27	28
29	30	31	32	33	34	35
36	37	38	39	40	41	42

Í Öðruvísi jóladagatali SOS Barnaþorpanna í ár ætlum við að kynnst Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Á hverjum degi förum við yfir nokkrar greinar Barnasáttmálans en greinar hvers dags fá ákveðinn lit. Hér getur þú litað greinarnar sem búið er að fara yfir í sama lit og Vera gerir í þáttunum.